

Dags eftirlits	9.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Páll Jóhannsson	Staðsetning	664901,282 638279,838

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávík frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en tvær ábendingar eru settar fram um viðhald á girðingu umhverfis stöðina og frágang á spilliefnakari.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

Um er að ræða olúbirgðastöð rekstraraðila í við Hafnarveg 6, Þórshöfn. Heimilt er að geyma í stöðinni allt að 1.932 m³ af olíu. Einnig er heimilt að afhenda olíu úr stöðinni í gegnum olíuleiðslu sem liggur að Langanesvegi 1. Þá er heimil móttaka á allt að 150 tonnum af úrgangsolíu í stöðinni á ári. Í stöðinni eru geymd flotaolía, MD olía, gasolía, verksmiðjuolía og úrgangsolía. Ekkert bensín er í stöðinni. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávík komu fram við síðasta eftirlit árið 2020 en ein ábending var sett fram er varðar viðhald á girðingu umhverfis stöðina. Strax var brugðist við þeirri ábendingu og girðingin löguð.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum eða umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Fjórir geymar eru í stöðinni, þar af einn tvískiptur. Þrír geymanna eru tvöfaldir og því er ekki gerð krafa um mengunarvarnarþró um þá en þró er um stærsta geyminn sem inniheldur verksmiðjuolíu fyrir fiskimjölverkmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn. Löndunarlögn liggur frá bryggju upp í geyminn og afgreiðslulögn svo aftur að Ísfélaginu. Áfyllingar- og afgreiðsluplan er tengt olíuskilju en tvær skiljur eru í stöðinni, önnur fyrir planið og hin fyrir verkmiðjuolíuþró og stærsta geyminn. Mæling var gerð á olíu í fráveituvatni skv. gr. 4.2 árið 2022 en gera skal mælingu á a.m.k. 3ja ára fresti.

Allir geymarnir hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum skv. gr. 4.2 í starfsleyfi en minnt er á að árið 2024 skal mæla geymi nr. 680.03.00 og geymi nr. 680.02.00 árið 2025. Löndunarlagnirnar eru tvær og voru þær báðar þrýstiprófaðar árið 2020. Lög nr. 680.70.00 féll við mælinguna og var hún því endurnýjuð. Var lögnin þrýstiprófuð aftur árið 2021, stóðst hún prófið og er notkun hennar því heimiluð.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn

mengun hafs og stranda, er til staðar og búið er að uppfylla kröfur eftirlitsaðila um að hvert og eitt starfsleyfi rekstraraðila hafi sér tryggingaskírteini. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni.

Gengið var um stöðina, þró og geymar skoðaðir. Hlið var læst er að var komið. Girðingin í kringum stöðina hefur látið á sjá í vetur og slitnað aðeins frá á tveimur stöðum. Bent er á að lagfæra þarf girðinguna. Spilliefnakar sem stóð við stöðvarhús var fullt af vatni og þjónar því ekki sínum tilgangi. Bent er á að lagfæra frágang á karinu svo ekki leki inn í það. Stöðin ber þess merki að ekki er dagleg umsjón með henni og mætti hreinsa burt rusl sem fokið hefur inn á svæðið en annars var stöðin snyrtilega á að líta.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að lagfæra girðingu í kringum stöðina, en hún hefur slitnað frá á tveimur stöðum í vetur og þörf er á lagfæringu.

Ábending er sett fram um að ganga þurfi betur frá spilliefnakari við stöðvarhús. Karið var fullt af vatni er að var komið og þó notkunin sé lítil sem engin þá þarf að gæta þess að hægt sé að nota karið og að það poli ágang veðurs og vinda.

ANNAD


Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 30.05.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir